

Viðskiptaskilmálar

Steypustöðvarinnar ehf.

Almennir skilmálar

- Viðskiptaskilmálar sem birtir eru á heimasíðu Steypustöðvarinnar ehf., eins og þeir eru hverju sinni, eru gildandi viðskiptaskilmálar félagsins. Viðskiptaskilmálar þessir gilda um öll viðskipti félagsins við viðskiptavininn þess, nema um annað sé sérstaklega samið eða það sérstaklega áskilið. Viðskiptavininn ber að að kynna sér skilmála þessa áður en viðskipti eiga sér stað, en með viðskiptum við Steypustöðina samþykkja viðskiptavinir félagsins skilmála þessa að öllu leyti.
- Viðskiptamönnum ber að senda Steypustöðinni ehf. tilkynningu um breytt heimilisfang ef svo ber við.
- Steypustöðin ehf. áskilur sér rétt til að hafna viðskiptum ef svo ber undir.
- Steypustöðin ehf. áskilur sér rétt til að breyta viðskiptaskilmálum án fyrirvara.

Grunnverð og greiðslukjör

- Öll verð eru grunnverð í þessum viðskiptaskilmálum og miðast við staðgreiðslu. Virðisaukaskattur er innifalinn í uppgæfni verði nema annað sé sérstaklega tekið fram.
- Tilboðsverð er miðað við staðgreiðslu og greiðir kaupandi 10% staðfestingargjald við samþykkt tilboðs. Tilboðið gildir í 4 vikur frá tilboðsdegi.
- Steypustöðin ehf. áskilur sér rétt til verðbreytinga án fyrirvara með hliðsjón af gengis- og verðlagsbreytingum á hverjum tíma.
- Afslættir, hvort sem um staðgreiðslu- eða magnafslátt er að ræða, dragast frá grunnverði án vsk.
- Gjaldþingun skuldar á reikningi er 1. dagur næsta mánaðar eftir úttektarmánuð. Eindagi skuldar er 14 dögum síðar.
- Á gjaldfallna reikninga, reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma hjá Seðlabanka Íslands. Séu reikningar ógreiddir á eindaga, reiknast dráttarvextir af reikningsskuldinni frá gjaldþingun reikningsins.
- Steypustöðin ehf. áskilur sér rétt, verði vanskil á greiðslu reikninga, til að bakfæra alla áunna afslætti, þ.m.t. tilboðsafslætti, sem viðskiptavinur hefur fengið og hækka skuldbindingar hans við Steypustöðina ehf. um samsvarandi fjárhæð.
- Þeir viðskiptavinir sem fá senda greiðsluseðla samþykkja að greiða sérstakt greiðsluseðlagjald.
- Umsóknir um reikningsviðskipti fylgja útlánareglum og skilyrðum sem Steypustöðin ehf. setur, en slík viðskipti eru alltaf háð því að viðkomandi viðskiptavinur geti lagt fram fullnægjandi tryggingar.

Vanskil og innheimtukostnaður

○ Við gjaldfallna skuld leggst allur kostnaður samfara innheimtu skuldarinnar, þ.m.t. innheimtukostnaður vegna innheimtuviðvörunar, milliinnheimtu (ef við á) og löginnheimtu, í samræmi við ákvæði innheimtulaga nr. 95/2008, sbr. reglugerð nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.

○ Sé skuld ekki greidd innan þeirra fresta sem kaupanda eru veittir með innheimtuviðvörun og milliinnheimtubræfi (ef við á) er reikningsskuld send í löginnheimtu án frekari viðvörunar, og má kaupandi þá búast við að við skuldina bætist aukinn kostnaður s.s. innheimtuþóknun lögmanns, og ýmisréttar-, aðfarar- og fullnustugjöld.

○ Seljanda er heimilt að stöðva afhendingu sem samið hefur verið um í áföngum, hafi greiðsla ekki borist vegna fyrri afhendingar. Stöðvun afhendingar er heimil fram að þeim tíma sem gjaldfallnar greiðslur hafa verið inntar af hendi eða lagðar fram fullnægjandi tryggingar að mati Steypustöðvarinnar.

Ábyrgðir, ábyrgðatakmörkun og fyrirvarar

- Ábyrgð Steypustöðvarinnar ehf. á framleiðsluvörum hennar takmarkast við það að fyrirtækið afhendir nýja vöru frá verksmiðju í stað þeirrar sem verður að skipta um en tekur að öðru leyti ekki ábyrgð á kostnaði við viðgerð eða ábyrgð á afleiddu tjóni. Lögð er áhersla á að vara sé skoðuð við móttöku, þ.e. áður en hún er lögð og allir vankantar tilkynntir umsvifalaust til Steypustöðvarinnar ehf. Eftir að Steypustöðin ehf. hefur afhent vöru á umsaminn afhendingarstað eftir beiðni viðskiptavinar þá ber Steypustöðin ehf. enga ábyrgð á því að vara verði fyrir tjóni eða valdi tjóni gagnvart þriðja aðila.
- Útfellingar (úr sementi og sandi) geta átt sér stað á yfirborði steypuvöru. **Steypustöðin ehf. tekur ekki ábyrgð vegna þessa en útfellingarnar hafa engin skaðleg áhrif á vöruna.**
-
- Stöðug vöruþróun á sér stað hjá Steypustöðinni ehf. og áskilur fyrirtækið sér rétt til að gera breytingar á framleiðslunni fyrirvaralaust. Steypustöðin ehf. ábyrgist ekki að halda lager um allar framleiðsluvörur sínar.
- Gerður er fyrirvari um prentvillur í skilmálum.
- Þurfi Steypustöðin að greiða viðskiptavini sínum bætur í tengslum við kaup/sölu á vörum fyrirtækisins getur viðskiptavinur aldrei farið fram á greiðslu bóta sem eru hærri en sem nemur kaupverði hins keypta.
- Steypustöðin ehf. ber í engum tilvikum ábyrgð á rekstrartapi viðskiptavinar eða öðru óbeinu tjóni hans, þ.m.t. glötuðum ágóða eða ráðgerðum sparnað, hvort sem tjónið kann að vera rakið til galla eða skemmda á hinu keypta eða til annarra ástæðna.
- Viðskiptavinir Steypustöðvarinnar eiga ekki rétt til skaðabóta, þegar vanefndir orsakast af óviðráðanlegum atvikum (Force Majeure) svo sem vinnudeilum, styrjöldum, uppreisnum, náttúruhamförum, aðgerðum stjórnvalda á sviði gjaldeyris- og viðskiptamála, viðskiptabönnum, hafnbönnum, almennum samgönguhindrunum, orkuskorti og óviðráðanlegum atvikum í samskiptum við undirverktaka.
- Steypustöðin ehf. ber ekki ábyrgð á því komi upp aðstæður sem valda því að ekki er hægt að afferma og/eða afhenda vörur á afhendingarstað. Viðskiptavinur á ekki kröfu á Steypustöðina ef afhending steypu dregst af

ástæðum sem félagið getur ekki stýrt. Viðskiptavinur á enga kröfu á félagið vegna tapaðra vinnustunda vegna þess að bíða þarf eftir steypu.

Litun á afurðum

- Grunnverð miðast við ólitaða vöru.
- Litamunur getur verið sjáanlegur á afurðum okkar sem skýrist af því að sama varan er framleidd í mismunandi lotum. Við mælum með því að viðskiptavinir blandi afurðum saman á staðnum þ.e.a.s. taka jafnt til skiptis af a.m.k. tveimur til þremur brettum til að tryggja jafnan lit. Steypustöðin ehf. tekur ekki ábyrgð á þeim litamun er kann að verða vegna þessa.

Afhending vöru

- Afhending vöru fer ávallt fram á starfsstöð Steypustöðvarinnar á umsömdum afhendingartíma, nema um annað sé samið. Viðskiptavinur ber ábyrgð á vöru frá því tímamarki sem hún telst afhent (áhættuskipti) til hans eða flutningsaðila ef um sendingu er að ræða, nema um annað sé samið sérstaklega. Ef kaupandi vöru vitjar hennar ekki eða veitir henni viðtöku á réttum tíma (afhendingartíma) og það má rekja til viðskiptavinar eða atvika sem hann varða flyst áhættan yfir á viðskiptavin þegar hlutur er honum til ráðstöfunar og vanefnd verður af hans hálfu við það að veita hlutnum ekki viðtöku.
- Öll afgreidd vara er eign Steypustöðvarinnar ehf kt. 660707-0420 þar til fullnaðargreiðsla hefur átt sér stað. Ber viðskiptavinum því að fara vel með hina afhentu vöru þangað til fullnaðargreiðsla hefur átt sér stað.
- Fyrir hvert afhent vörubretti reiknast leigugjald. Er gjaldið endurgreitt þegar vörubretti er skilað til Steypustöðvarinnar ehf. að lokinni notkun. Endurgreiðsla er háð því að vörubretti sé í lagi við skil. Í öllum tilvikum þarf við vöruskil að framvísa sölureikningi eða sölureikningsnúmeri sem var afhent þegar vara var keypt.
- Fyrir hvern afhentan stórsekk (poka) reiknast leigugjald. Er gjaldið endurgreitt þegar stórsekkur er skilað til Steypustöðvarinnar ehf. að lokinni notkun. Endurgreiðsla er háð því að stórsekkur sé í lagi við skil. Í öllum tilvikum þarf við vöruskil að framvísa sölureikningi eða sölureikningsnúmeri sem var afhent þegar vara var keypt.
- Viðskiptavinur ber ávallt allan kostnað af sendingu vöru, nema um annað sé samið sérstaklega.
- Flutningur á afurðum út á landsbyggðina fer í gegnum flutningaaðila sem Steypustöðin ehf er í samstarfi við en vörur eru keyrðar til viðskiptavinar af hendi Steypustöðvarinnar ehf. reynist það hagstæðara. Steypustöðin ehf. váttryggir ekki vöru í flutningum. Óski viðskiptavinur eftir því að vara verði váttryggð í flutningum ber honum sjálfum að annast váttrygginguna.
- Grunnverð á sérsteyptum afurðum innifelur ekki akstur nema um annað sé samið.
- Ökutæki Steypustöðvarinnar ehf. sem notuð eru við dreifingu á afurðum eru þung og plássfrek farartæki. Viðskiptavinir eru beðnir um að taka mið af því á afhendingarstað þegar afurðin er afhent. Steypustöðin ehf. ber enga ábyrgð á þeim aðstæðum sem upp kunna að koma og valda því að ekki er hægt að afferma vörur við afhendingu.

Varnarþing

- Komi til málaferla eða lögfræðinheimtu vegna viðskipta félagsins og viðskiptavinar þess er heimilt að reka slík mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur viðskiptavini.